



Kennsluáætlun – Skólaárið 2018-2019

Námsgrein: *Samfélags- og náttúrufræði*

Bekkur: 1. bekkur

Kennari: Ásdís Árnadóttir

Námsefni:

- Komdu og skoðaðu umhverfið
- Komdu og skoðaðu líkamann
- Komdu og skoðaðu land og þjóð
- Húsdýrin
- Ýmis ljósrituð blöð

Bækur:

- **Komdu og skoðaðu umhverfið.** Kennsluefnið samanstendur af nemendabók og fjölbreyttu námsefni á vef. Fjallað er um umhverfi í víðu samhengi, bæði manngert og náttúrulegt. Skoðaðar eru algengar lífverur, form í umhverfinu og fleira.
- **Komdu og skoðaðu líkamann.** Kennsluefnið samanstendur af nemendabók, kennarabók í stóru broti og fjölbreyttu námsefni á vef. Fjallað er um gerð líkamans, starfsemi hans og þarfir.
- **Komdu og skoðaðu land og þjóð.** Fjallað er um landið okkar í víðu samhengi, farið verður sérstaklega í þjóðsönginn, þjóðhátíðardaginn og þjóðfánann.
- **Húsdýrin.** Fjallað um húsdýr á Íslandi.
- **Ýmis ljósrituð blöð.** M.a. um okkur sjálf, kosti okkar, tilfinningar, hugsanir...

Helstu kennsluáðferðir: Hópavinna, heimildavinna, einstaklingsvinna, bein kennsla, könnunaraðferðin, hlutverkaleikir

Samþætting námsgreina: mikil samþætting við bæði íslensku og stærðfræði

Námsmat: umsögn í lok skólaárs